

Tillaga
Afgreiðsla

A 1912
Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um norrænt samstarf um aðgerðir gegn ágengum tegundum

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

efla og kerfisbinda samstarf um að hindra landnám ágengra tegunda sem fara yfir landamæri landanna, eftirlit með og baráttu gegn þeim og um miðlun þekkingar og reynslu milli Norðurlanda um ágengar tegundir og aðgerðir gegn þeim

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að vinna með jarðeigendum við að gera einkajarðir aðgengilegar eftir þörfum fyrir aðgerðarhópa á vegum ríkisins í því skyni að berjast gegn ágengum tegundum

Bakgrunnur

Meðal þeirra ógna sem steðja að líffræðilegri fjölbreytni er landnám framandi ágengra tegunda ein sú stærsta. Ágengar framandi tegundir eru tegundir sem af mannavöldum hafa verið fluttar úr upphaflegu umhverfi sínu og byrja svo í nýju umhverfi sínu að dreifa sér hratt og valda miklu tjóni, til dæmis á vistkerfinu, landbúnaði, skógrækt, innviðum og heilsu fólks. Þær hafa þegar í dag mikinn kostnað í för með sér. Samkvæmt SLU tegundagagnagrunninum hefur verið reiknað út að árleg útgjöld Svíþjóðar nemi 1,1–4,5 milljörðum sænskra króna, Evrópusambandsins 9,6 milljörðum evra og Bandaríkjanna u.þ.b. 100 milljörðum dollara.

Ágengar tegundir geta borist eftir ólíkum leiðum. Þar getur verið um að ræða sleppingu af ásettu ráði eins og í tilviki marðarhundsins, óviljandi flutning í flutningabílum eins og í tilviki steinmarðarins, kjölfestutanka og bátsbotna, í vinnu, í jarðvegsflutningi, í formi óhreininda í útsæði, með smituðu plöntuefni, innflutningi einstaklinga og einnig í formi nýrra framandi plöntutegunda o.fl.

Að finna ágengu tegundirnar sem fyrst og útrýma þeim er mjög kostnaðarhagvæmt. Fullt tilefni er fyrir Norðurlönd að eiga samstarf um eftirlitsaðferðir og eftirlitsgögn.



Sama á við um aðgerðir gegn tegundunum. Þegar barist er gegn ágengum tegundum, sem eiga auðvelt með að breiðast út, er samræming mikilvæg og oft skiptir sköpum ef hægt er að berjast samtímis gegn tegundinni á stóru svæði. Baráttuaðferðir þróast einnig með tímanum. Val aðferða og þrautseigja eru einnig mjög mikilvægar leiðir til árangurs.

Aðgerðirnar gegn marðarhundinum eru gott dæmi um mikilvægi vals aðferða og hvaða þættir skipta sköpum um aðgerðirnar. Með því að veiða marðarhunda, vana þá og sleppa þeim aftur með sendi um hálsinn gat aðgerðahópurinn fundið aðra marðarhunda með þeim dýrum sem báru senda, án þess að eiga á hættu fjölgun dýranna. Á þann hátt gat lítill aðgerðahópur á aðeins fimmtán árum útrýmt marðarhundinum í Svíþjóð ásamt þeim nýju dýrum sem ár hvert koma frá Finnlandi. Það sem réði úrslitum var að aðgerðahópurinn hafði aðgang að öllu einkalandi þegar þörf krafði. Ekki er hægt að sleppa aðgerðum á einu svæði. Áhugasamur hópur veiðimanna auðveldar einnig aðgerðir og sú staðreynd að núorðið er heimilt í Svíþjóð að koma fyrir myndavélum til að fylgjast með dýralífi.

Í dag fer fram ákveðið samstarf um ágengar tegundir úr hópi rándýra. Norðurlandaráð ætti að vinna að samstarfi um fleiri tegundir og öflugra norrænu samstarfi eins og tillagan mælir fyrir um, auk þess að allir norrænir aðgerðahópar sem berjast gegn ágengum tegundum fái aðgang að öllu landi eftir þörfum.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndinni er kunnugt um að í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í umhverfis- og loftslagsmálum (2019–2024) er sett fram markmið um að „*co-operate to limit the spread of invasive alien species and the spread of diseases in nature*“ ásamt því að áréttað er að „*There is a considerable benefit in Nordic co-operation investigating and addressing these threats. In addition, the Nordic countries should work together to manage species where there are conflicts with the sustainable use of land, forests, and oceans. Consequently, it is important to continue to work together in order to develop a better knowledge [...].*“

Flokkahópar jafnaðarmanna og miðjumanna telja mikilvægt að koma í veg fyrir útbreiðslu ágengra tegunda í hverju landi og á Norðurlöndum í heild og að hagur sé í því fyrir Norðurlönd að vinna saman að því að koma í veg fyrir að ágengar tegundir berist til Norðurlanda, hafa eftirlit með þeim og berjast gegn þeim. Báðir flokkahópar lýstu efasemdum um tillögulið 2 og töldu tillögulið 3 varða innanríkismál hverrar þjóðar og því bæri að fella hann niður.

Norrænt frelsi benti á að ágengar tegundir séu vandamál sem teygji sig yfir landamæri bæði á landi og í vatni og hafi neikvæð áhrif á plöntu- og dýralíf á Norðurlöndum. Þar



sem ágengar tegundir fara yfir landamæri á Norðurlöndum og hafa áhrif á líffræðilega fjölbreytni lagði Norrænt frelsi áherslu á að þörf sé á að efla norrænt samstarf og tryggja að þekkingu sé miðlað þvert á landamæri. Nefndarfólk kom sér saman um að skeyta saman fyrstu tveimur tillöguliðunum og tala um að „efla og kerfisbinda samstarf...“ í stað þess að „...skapa starfsvettvang sem fari með hlutverk miðstöðvar...“ og að bæta við „að vinna með jarðeigendum...“ í þriðja tillögulið. Að gefnum þessum breytingum samþykkti nefndin þingmannatillöguna.

Reykjavík, 7. september 2022

Cecilie Tenfjord-Toftby (M)
Doris J. Jensen (S)
Emilia Töyrä (S)
Eva Biaudet (sfp)
Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (Frfl)
Himanshu Gulati (FrP)
Maria Stenberg (S)

Mariane Paviasen (IA)
Mikko Kärnä (cent)
Ola Elvestuen (V)
Sebastian Tynkkynen (saf)
Staffan Eklöf (SD)
Tove Elise Madland (A)
Vilhjálmur Árnson (Sj.)